

HRAUNBORG – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Mars 2018

Inngangur	4
Leikskólinn Hraunborg	4
Greining	5
Stjórnun - samantekt	7
Styrkleikar	7
Tækifæri til umbóta	7
Uppeldis og menntastarf.....	8
Styrkleikar	8
Tækifæri til umbóta	8
Mannauður	10
Styrkleikar	10
Tækifæri til umbóta	10
Leikskólabragur	11
Styrkleikar	11
Tækifæri til umbóta	11
Innra mat	12
Engir sérstakir styrkleikar komu fram	12
Tækifæri til umbóta	12
Viðmiðaraminn	13

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Auður Ævarsdóttir

Ásdís Olga Sigurðardóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats í leikskólanum Hraunborg sem fram fór í mars 2018. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats í leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviðs: að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í mars 2018 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 12.-21. mars. Matið byggir á gögnum leikskólans ásamt niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN HRAUNBORG

Leikskólinn Hraunborg tók til starfa árið 1984 og er staðsettur við Hraunberg 10, 111 Reykjavík.

Í leikskólanum eru 3 deildir og 69 börn voru á leikskólanum í mars 2018. 1-3 ára börnin eru á Prastalandi og 3-6 ára börnin eru á Spóalandi og Lóulandi.

Leikskólastjóri er Guðný Sigríður Hallgrímsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri er Sigríður Fanney Pálsdóttir.

Við leikskólann starfa 18 starfsmenn í 17,34 stöðugildum, þar með talin leikskólastjóri, starfsmenn í eldhúsi og afleysingum. Aðstoðarleikskólastjóri er jafnframt sérkennslustjóri í 50% stöðu. Stjórnunarhlutfall í Hraunborg er 115%. Að auki eru þrír starfsmenn sem starfa við sérkennslu. Fjórir starfsmenn eru með leikskólakennaramenntun, þar af eru leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri og tveir deildarstjórar. Einn deildarstjóri er leiðbeinandi. Einn er grunnskólakennari, einn með þroskaþjálfarafræði, fjórir eru með aðra háskólamenntun, tveir eru leikskólaliðar, einn matráður ófaglærður og átta leiðbeinendur. Einn karlmaður vinnur við leikskólann. Starfsmannavelta hefur verið mikil í Hraunborg.

Styrkleikar

Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð í leikskólastarfinu. Sett er upp áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi sem nær til alls starfsfólks. Virk áætlun er til um samstarf við grunnskóla í hverfinu. Stjórnendur eru vakandi fyrir samstarfsmöguleikum og hvetja starfsfólk til þátttöku í verkefnum innan og utan leikskólans. Starfsáætlun er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla- og frístundaráð til staðfestingar. Starfsáætlun er birt á heimasíðu leikskólans. Áætlun um upphaf leikskólagöngu barna er til og unnið er samkvæmt henni.

Leikskólasérkennarar, þroskaþjálfar eða starfsfólk með sambærilega menntun starfa innan leikskólans. Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúrræðum barna í leikskólanum. Teymi er myndað um börn með alvarlega frávik. Upplýsingum um börn með sérþarfir er skilað til grunnskóla með skipulögðum hætti. Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöð. Viðurkenndar matsaðferðir og skimanir eru notaðar þegar við á.

Starfsfólk er stolt af starfi sínu. Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans og reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl. Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum eru á heimasíðu leikskólans. Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili leikskólans, styður við leikskólastarfið og skipuleggur viðburði. Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum.

Tækifæri til umbóta:

Að stefna leikskólans birtist á heimasíðu leikskólans og að áherslur aðalnámskrár og Reykjavíkurborgar endurspeglar í stefnu leikskólans. Einkunnarorð leikskólans verði gerð sýnileg í leikskólanum og í starfi hans. Leikskólastjóri sjái til þess að mótun stefnu leikskólans sé samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra.

Að leikskólastjóri hvetji leikskólakennara og annað starfsfólk markvisst til að auka gæði náms og starfs. Stjórnendateymi fylgist með námi og starfi í leikskólanum og veiti starfsfólki endurgjöf. Litið verði á foreldra og börn sem samstarfsaðila. Stjórnendur sjái til þess að mat á framförum barna sé hluti af leikskólastarfinu.

Efniviður, s.s myndir á veggjum, bókakostur og leikefni endurspegli margbreytileika mannlífsins. Skipulögð viðfangsefni og leikur taki mið af hæfileikum og námsþörfum barna. Að námsleiðir henti vel þörfum og færni hvers barns.

Börnum verði gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins og á viðfangsefni skipulagðra stunda. Starfsfólk sé tilbúið að hlusta á börnin, ræða við þau og virða sjónarmið þeirra.

Að börn hafi val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og frjálsum leik og sjálfsprottnum leik og athöfnum barna sé gefið nægjanlegt svigrúm. Unnið verði markvisst að uppeldi til sjálfbærni, eflingu vísinda og sköpunar á meðal barna og það endurspeglar bæði í námskrá og starfi. Áætlun sé gerð um mat á námi og velferð barna. Að börn taki þátt í að meta nám sitt. Börn fái tækifæri til að setja sér markmið. Skráningar séu nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim.

Að í vinnu og viðhorfum starfsfólks komi fram að það hafi trú á getu og hæfni allra barna. Að bæði börn og starfsfólk læri í leikskólanum.

Að helstu ákvarðanir er varða stefnu, leikskólalagd og leikskólaþróun séu lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar.

Í skólanámskrá verði umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt og áætlun um innra mat á skólaárinu liggi fyrir. Áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann liggi fyrir (3-5 ár). Að mat á starfsháttum fari fram reglulega. Fjölbreyttar aðferðir verði notaðar við gagnaöflun og gagna verði aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu. Foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangs röðun í innra mati t.d. með aðkomu foreldraráðs. Framkvæmd innra mats verði samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum. Í greinargerð um innra mat verði greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta.

STJÓRNUN - SAMANTEKT

Í viðmiðum um stjórnun er fjallað um stjórnandann sem faglegan leiðtoga, stjórnun leikskólans og daglegan rekstur, faglegt samstarf, leikskólaþróun og símenntun, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.

STYRKLEIKAR

- Leikskólinn hefur sett sér einkunnarorð í leikskólastarfinu
- Forgangsröðun í nýtingu fjármagns tekur mið af stefnu leikskólans og Reykjavíkurborgar
- Leikskólinn er rekinn fyrir það fjármagn sem honum er úthlutað
- Við ráðningu starfsmanna er gætt að vanhæfni til meðferðar máls vegna ættingja eða tengdra aðila
- Verklagsreglur um meðferð ágreinings – og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir og unnið er eftir þeim
- Allt starfsfólk undirritar skjal um trúnað og þagnarskyldu
- Persónuupplýsingar eru varðveittar í læstum hirslum
- Sett er upp áætlun um skipulagsdaga og starfsmannafundi sem nær til alls starfsfólks
- Virk áætlun er til um samstarf við grunnskóla í hverfinu
- Samráð er milli leikskólans og grunnskóla í hverfinu um skipulagsdaga
- Stjórnendur eru vakandi fyrir samstarfsmöguleikum og hvetja starfsfólk til þátttöku í verkefnum innan og utan leikskólans
- Leikskólinn heldur skrá yfir símenntun og þekkingu einstakra starfsmanna
- Starfsáætlun er lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla- og frístundaráð til staðfestingar
- Starfsáætlun er birt á heimasíðu leikskólans
- Áætlun um upphaf leikskólagöngu barna er til og unnið er samkvæmt henni

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Einkunnarorð leikskólans verði gerð sýnileg í leikskólanum og í starfi hans
- Stefna leikskólans birtist á heimasíðu leikskólans
- Stefna leikskólans verði skýrt fram sett
- Leikskólastjóri sjái til þess að mótun stefnu leikskólans sé samvinnuverkefni starfsfólks, barna og foreldra
- Að áherslur aðalnámskrár og Reykjavíkurborgar endurspeglar í stefnu leikskólans
- Stjórnendateymi fylgist reglulega með hvernig gengur að vinna að stefnunni og metur framfarir
- Að leikskólastjóri hvetji leikskólakennara og annað starfsfólk markvisst til að auka gæði náms og starfs
- Stjórnendateymi fylgist með námi og starfi í leikskólanum og veiti starfsfólki endurgjöf
- Við ráðningu nýrra starfsmanna verði farið eftir lögbundnu ráðningarferli, aflað upplýsinga frá sakaskrá
- Unnið verði eftir reglum um móttöku nýrra starfsmanna
- Starfsþróunarsamtöl verði tekin a.m.k. einu sinni á ári
- Niðurstöður starfsþróunarsamtala verði skráðar og þeim fylgt eftir
- Starfsfólk fái reglulega fræðslu um öryggismál og slysavarnir
- Að nauðsynlegum upplýsingum sé miðlað til starfsfólks
- Litið verði á foreldra og börn sem samstarfsaðila

- Símenntunaráætlun endurspegli áherslur leikskólans sem birtast í skólanámskrá
- Starfsfólk sé hvatt til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi
- Stjórnendur sjái til þess að mat á framförum barna sé hluti af leikskólastarfinu
- Í skólanámskrá verði birtar þær upplýsingar sem aðalnámskrá og stefnuskjöl skóla- og frístundasviðs tilgreina að þar skuli birtast (sbr. gátlisti um skólanámskrá)
- Starfsfólk taki þátt í gerð skólanámskrár og samráð sé haft við börn og foreldra eftir því sem við á
- Skólanámskrá verði lögð fyrir foreldraráð til umsagnar og skóla – og frístundaráð til staðfestingar
- Skólanámskrá verði birt á heimasíðu leikskólans
- Starfsáætlun verði unnin árlega með þátttöku aðila leikskólasamfélagsins
- Öryggis- og rýmingaráætlun liggi fyrir og verði sýnileg á öllum deildum
- Að starfsfólk þekki til verklagsreglna um tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda
- Unnið verði eftir áætlun um læsisstefnu leikskólans

UPPELDIS OG MENNTASTARF

Í viðmiðum um uppeldis og menntastarf er fjallað um skipulag náms og námsaðstæður, uppeldi, menntun og starfshætti, leik og nám (lýðræði, jafnrétti og þáttöku barna), námssvið leikskólans, leikskóli án aðgreiningar, mat á námi og velferð barna.

STYRKLEIKAR

- Rými er til að veita sérfræðipjónustu
- Efniviður, náms- og kennslugögn eru aðgengileg fyrir starfsfólk
- Leikskólasérkennarar, þroskajálfar eða starfsfólk með sambærilega menntun starfa innan leikskólans
- Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkingu sína á þroskafrávikum og sérúrræðum barna í leikskólanum
- Farið er eftir ákveðnu ferli ef grunur vaknar um frávik barna
- Teymi er myndað um börn með alvarleg frávik
- Samstarf og samvinna er við sérfræðinga/sérfræðipjónustu utan leikskólans
- Upplýsingum um börn með sérþarfir er skilað til grunnskóla með skipulögðum hætti
- Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöð
- Viðurkenndar matsaðferðir og skimanir eru notaðar þegar við á

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Að möguleikar húsnæðis og útileiksvæðis til leiks og náms séu nýttir
- Efniviður, s.s myndir á veggjum, bókakostur og leikefni endurspegli margbreytileika mannlífsins
- Í dagskipulagi sé jafnvægi milli frjálsra leikja og skipulagðra athafna
- Í dagskipulagi sé jafnvægi milli rólegra og fjörugra athafna
- Skipulögð viðfangsefni og leikur taki mið af hæfileikum og námsþörfum barna
- Að svigrúm sé til að mæta hreyfiþörf barna í leik og samskiptum

- Starfsfólk noti virka hlustun í samskiptum starfsfólks við börn
- Starfsfólk nýti daglegar athafnir til náms og samskipta
- Starfsfólk bregðist við og nýti viðbrögð og áhuga barna
- Á meðan á verkefnum stendur þrúi starfsfólk þau eftir þörfum
- Að námsleiðir henti vel þörfum og færni hvers barns
- Börnum verði gefið tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á skipulag leikskólastarfsins
- Börnin hafi áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda
- Að börnin séu hvött til að deila reynslu sinni, hugmyndum og tilfinningum
- Starfsfólk sé tilbúið að hlusta á börnin, ræða við þau og virða sjónarmið þeirra
- Leitað verði eftir hugmyndum barna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær
- Að börn komi reglulega að mati á leikskólastarfi
- Leitað sé leiða til að fá fram raddir barna sem enn hafa ekki öðlast næga færni í tungumálinu
- Fjölbreyttar leiðir séu farnar til að fá fram sjónarmið barna
- Jafnrétti og jöfn hlutdeild allra í barnahópnum birtist í starfi á deildum
- Í samvinnu við börnin sé leitast við að taka þátt í samfélagsverkefnum, s.s. umhverfisvernd og góðgerðarstarfsemi
- Að börn hafi val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og frjálsum leik
- Börn hafi val um fjölbreytt viðfangsefni
- Viðfangsefni höfði til margvíslegra áhugsviða barna
- Að sjálfsprottnum leik og athöfnum barna sé gefið nægjanlegt svigrúm
- Unnið verði markvisst að því að efla samskipti barna og það endurspeglar bæði í námskrá og starfi
- Unnið verði markvisst að uppeldi til sjálfbærni og það endurspeglar bæði í námskrá og starfi
- Að unnið sé markvisst að eflingu vísinda á meðal barna og það endurspeglar bæði í námskrá og starfi
- Unnið sé markvisst að sköpun í leikskólanum og það endurspeglar í námskrá og starfi
- Í sköpun sé áhersla lögð á ferlið fremur en afurðina
- Unnið sé markvisst með heimamenningu allra barna
- Umhverfið sé aðlagð til að mæta þörfum allra barna
- Að starfsfólk fái upplýsingar og stuðning til að framfylgja markmiðum einstaklingsnámskráa
- Allt starfsfólk verði upplýst um sérþarfir barna sem dvelja í leikskólanum
- Verkferlar vegna sérfræðipjónustu verðir aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldrum
- Mati, úrræðum og verkefnum sé fylgt eftir með skipulögðum hætti
- Áætlun sé gerð um mat á námi og velferð barna
- Reglulegar skráningar séu gerðar á framförum allra barna
- Mat á hæfni, námi og velferð barna taki til margra þátta
- Fjölbreytt gögn séu lögð til grundvallar á námi og stöðu barna
- Að mat á námi og stöðu barna byggir á samvinnu leikskóla og foreldra
- Að aðferðir sem notaðar eru til að meta nám og stöðu barna séu endurmetnar reglulega
- Að börn taki þátt í að meta nám sitt
- Börn fái tækifæri til að setja sér markmið
- Að börn fái tækifæri til að koma með tillögur að leiðum í eigin námi
- Skráningar séu nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skipuleggja næstu skref í starfi með þeim
- Skráningar séu varðveittar með skipulögðum hætti
- Starfsfólk fái leiðbeiningar og stuðning við gagnasöfnun og skráningu
- Að starfsfólk finni leiðir til að sinna skráningu og mati

MANNAUÐUR

Í viðmiðum um mannauð er fjallað um hlutverk leikskólakennara, fagmennsku starfsfólks og starfsánægju.

STYRKLEIKAR

- Starfsfólk er stolt af starfi sínu

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Leikskólakennarar/deildarstjórar veiti faglega forystu og leiðsögn
- Að áherslur aðalnámskrár og skólanámskrár endurspeglar í starfinu
- Leikskólakennarar/deildarstórar beri ábyrgð á upplýsingamiðlun til foreldra
- Leiðbeinendur á deildum fái reglulega endurgjöf og leiðsögn
- Að leikskólakennarar/deildarstjórar veiti foreldrum ráðgjöf og fræðslu þegar við á
- Að stefna leikskólans birtist í starfi á deildum
- Faglegur metnaður einkenni starf á deildum
- Deildarfundir verði haldnir reglulega og viðfangsefni þeirra sé börn, nám þeirra og staða
- Deildarfundir séu vettvangur faglegra skoðanaskipta og upplýsingamiðlunar

LEIKSKÓLABRAGUR

Í viðmiðum um leikskólabrag er fjallað um viðmót og menningu, velferð og líðan barna, þátttöku foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun og viðhorf foreldra.

STYRKLEIKAR

- Áherslur í foreldrasamstarfi liggja fyrir þ.m.t upplýsingagjöf til foreldra
- Foreldrar taka virkan þátt í viðburðum á vegum leikskólans
- Reglulega er boðið upp á foreldrasamtöl
- Túlkaþjónusta er notuð í foreldrasamtölum þegar við á
- Hagnýtar upplýsingar á erlendum tungumálum eru á heimasíðu leikskólans
- Foreldrafélag er starfandi við leikskólann
- Foreldrafélag er virkur samstarfsaðili leikskólans, styður við leikskólastarfið og skipuleggur viðburði
- Foreldrum finnst komið til móts við þarfir og réttindi barns síns
- Foreldrar telja að barninu þeirra líði vel í leikskólanum

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Virðing sé borin fyrir einstaklingum og tillit tekið til ólíkra sjónarmiða
- Að í vinnu og viðhorfum starfsfólk komi fram að það hafi trú á getu og hæfni allra barna
- Að áherslur og gildi sem leikskólinn stendur fyrir endurspeglar í verkum og viðhorfum starfsfólks
- Að bæði börn og starfsfólk læri í leikskólanum
- Starfsfólk sé uppbyggjandi þegar það leiðbeinir börnum í samskiptum
- Að börnin séu þátttakendur í að búa til reglur þegar við á
- Brugðist sé við krefjandi hegðun af fagmennsku
- Samtöl starfsfólks við börnin séu uppbyggjandi og hvetjandi
- Að börnin fái tækifæri til að leysa sjálf úr ágreiningsmálum
- Starfsfólk sýni sanngirni þegar það aðstoðar börn við að leysa ágreiningsefni
- Foreldrar séu hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu og þróun þess
- Foreldrum séu gefin tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna í leikskólanum
- Starfsfólk sé lausnamiðað í samskiptum við foreldra með annað tungumál en íslensku og nýti fjölbreyttar leiðir til samskipta
- Skiplagt verklag verði til í leikskólanum þegar þarf að ræða við foreldra um viðkvæm mál
- Fulltrúar í foreldraráði séu lýðræðislega valdið af sínum hópi
- Foreldraráð fundi reglulega og setji sér starfsáætlun og vinnureglur
- Að fundir foreldraráðs séu boðaðir með dagskrá og fundargerðir séu aðgengilegar á heimasíðu leikskólans
- Að fulltrúar í foreldraráði eigi samráð við foreldrahópinn þegar við á
- Að helstu ákvarðanir er varða stefnu, leikskólalæsi og leikskólaþróun séu lagðar fyrir foreldraráð til umsagnar

INNRA MAT

Í viðmiðum um innra mat er fjallað um skipulag og viðfangsefni, gagnaöflun og vinnubrögð, opinbera birtingu og umbætur.

ENGIR SÉRSTAKIR STYRKLEIKAR KOMU FRAM

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Í skólanámskrá verði umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer við að meta innra starf sitt
- Áætlun um innra mat nokkur ár fram í tímann liggi fyrir (3-5 ár)
- Áætlun um innra mat á skólaárinu liggi fyrir
- Að mat á starfsháttum fari fram reglulega
- Mat og ígrundun leikskólakennara og annara starfsmanna á eigin starfsháttum verði liður í daglegu starfi þeirra
- Í skólanámskrá verði fjallað um hvernig markmið leikskólans séu metin
- Öll markmið skólanámskrár verði metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti
- Leiðir að markmiðum, s.s. verkefni, aðgerðir, áætlanir og verkferlar séu hluti af innra mati
- Fyrir hvert markmið verði skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að
- Fjölbreyttar aðferðir verði notaðar við gagnaöflun
- Gætt verði að því að innra mat byggji á margvíslegum gögnum
- Gagna verði aflað með aðferðum sem hæfa viðfangsefninu
- Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa þeim hópum sem leitað er upplýsinga hjá
- Ef fyrirleggja niðurstöður úr ytra mati (s.s. kannanir og skimanir) verði þær nýttar í innra matið
- Starfsfólk leikskólans taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati
- Foreldrar taki þátt í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati t.d. með aðkomu foreldraráðs
- Framkvæmd innra mats verði samstarfsverkefni þeirra sem starfa í leikskólanum
- Við öflun gagna sé leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli (s.s. starfsfólks, barna og foreldra)
- Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila (starfsfólks, foreldra og barna eftir því sem við á) um þróun og umbætur
- Í greinargerð um innra mat verði greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta
- Niðurstöður úr innra mati verði formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum
- Umbótaáætlanir verði birtar á heimasíðu leikskólans eða með öðrum opinberum hætti
- Umbótaáætlun verði í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta
- Áætlanir um umbætur séu bornar undir foreldraráð og skóla- og frístundasvið
- Í umbótaáætlun séu tilgreindar markvissar aðgerðir til að ná þeim markmiðum sem ekki hafa náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru
- Brugðist verði við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf þó að þær snúi ekki beint að þeim markmiðum sem metin voru
- Umbótaáætlun verði tímasett og hún skilgreini ábyrgðaraðila fyrir umbótunum
- Tilgreint verði í umbótaáætlun hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða
- Umbótum verði kerfisbundið fylgt eftir
- Að starfsfólk og foreldrar geti á öyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat leikskólans hefur leitt til

VIÐMIÐARAMMINN

Meðaltalsútkoma í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Stjórnun	Uppeldis- og menntastarf	Mannauður	Leikskólabragur	Innra mat
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	Skipulag náms og námsaðstæður	Hlutverk leikskólakennara	Viðmót og menning	Skipulag og viðfangsefni
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Uppeldi, menntun og starfshættir	Fagmennska starfsfólks	Velferð og líðan barna	Gagnaöflun og vinnubrögð
Faglegt samstarf	Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	Starfsánægja	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	Opinber birting og umbætur
Leikskólaþróun og símenntun	Námssvið leikskólans		Viðhorf foreldra	
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	Leikskóli án aðgreiningar/ leikskóli margbreytileikans			
	Mat á námi og velferð barna			

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar.

Dökkgrænt – mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

Ljósgrænt – gott verklag og flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

Gult verklag – verklagi ábótavant, einhverjir mikilvægir þættir krefjast úrbóta.

Rautt – óviðunandi verklag.